

Starfsemi tjaldsvæðisins á Húsavík sumarið 2022

Opnun tjaldsvæðisins

Tjaldsvæðið á Húsavík var opnað laugardaginn 27. maí og var opið út september. Samtas var svæðið því opið í 127 daga.

Fyrir sumarið var gjaldskrá tjaldsvæðisins lítilega breytt og teljum við sem vorum að vinna við tjaldsvæðið að það hafi verið til bóta. Bæði voru tekin út afsláttakjör og farið var að rukka lítilega fyrir aldursbilið 13-17 ára.

Á Húsavík hefur tíðtast að hafa einunis sumaropnun en á nokkrum stöðum yfir landið er opið allt árið um kring. Á þessum svæðum er mismunandi þjónusta eftir því hvort um er að ræða sumar eða vetur. Á Húsavík gæti þetta verið með þeim hætti að við rukkum fyrir stæðið og rafmagn, en vetrargjaldsrkáin gæti þá verið helmingurinn af sumargjaldskrá sem dæmi. Við teljum að þetta sé allavegana eitthvað sem vert væri að ræða og hugsa aðeins út í.

Mönnun á tjaldsvæðinu á Húsavík

Í sumar voru ráðnir 3 starfsmenn á tjaldsvæðið. Einn starfsmaður var í fulltri vinnu og tveir starfsmenn í hlutastarfi. Það mældist vel fyrir og teljum við að þjónustan á svæðinu hafi verið mjög góð. Þessir starfsenn unnu vaktir á svæðinu.

Vatkinar á tjaldsvæðinu voru sem hér segir:

8-16:00


19-23:00

Við lengdum seinni vaktrina til 23:00 fljótlega þegar við urðum var við að við vorum að missa af erlendum ferðalöngum sem komu seint á kvöldin og fóru snemma og voru í einhverjum tilvikum að komast hjá því að greiða.

Fjöldi gesta á tjaldsvæðinu á Húsavík

Heildarfjöldi gesta sumarið 2022 voru 7363 frá 74 þjóðernum og voru gistinæturnar 8700 sem gerir að meðaltali 58 gesti á hverjum degi.

Flestir gestir komu frá Íslandi eða 1387 talsins eða 18,84% af gestum tjaldsvæðisins, þar á eftir voru gestir frá Þýskalandi sem voru 1072 talsins eða 14,56% gesta og í þriðja sæti voru gestir frá Bandaríkjunum sem voru 861 talsins eða 11,96% gesta. Skiptinging gesta var annars með eftirfarandi hætti:



Aðstaða á tjaldsvæði

Aðstaðan á tjaldsvæðinu er komin til ára sinna og er nauðsynlegt að fara að huga að betrubótum á svæðinu. Þar að auki gátum við ekki hafst öll klósettin opin í sumar þar sem vatnslagnir eru það grannar að ekki náðist að haldast nægur þristingur á lögninni til að fylla alla klósettkaða þegar öll klósett voru opin. Því gripum við til þess ráðs að loka hluta af klósettunum til að koma í veg fyrir þetta vandamál.

Aðstaða fyrir starfsemm á svæðinu er lítil sem engin en undanfarin tvö ár höfum við fengið gámaeiningu lánaða og búið þar til starfsmannaáðstöðu fyrir tjaldsvæðið.

Það er ljóst að það þarf að taka umræðu um áðstöðuna á tjaldsvæðinu, hvernig fólk vill hafa hana og hvort við sættum okkur við hana eins og hún er. Nú er til að mynda búið að óska eftir því að selja gamla viktarskúrinn á bryggjunni, er það húsnæði sem gæti nýst á tjaldsvæðinu sem starfsmannaáðstaða og um leið áðstaða fyrir gesti?

Annars gekk rekstur tjaldsvæðisins vel sumarið 2022. Annað árið í röð notuðum við Parka sem nýtist mjög vel, bæði þegar kemur að því að skila gistiskýrslum en einnig er auðvelt að halda utan um bókanir á tjaldsvæðinu og þess háttar. Þannig er t.d hægt að manna vaktir með tilliti til fjölda gesta á tjaldsvæðinu fram í tímann. Einnig ákváðum við í sumar að mála tjaldsvæðin sjálf, þannig að ef einhver bókaði sér á tjaldsvæðinu að þá kom hann að sínum kassa án þess að annar aðili væri búin að tjalda þar. Við fengum hrós fyrir það skipulag á svæðinu hjá okkur í sumar.